

FUNDARBOÐ – SKÁTAPING 2024

LEIÐTOGAR Í 100 ÁR



Með bréfi þessu boðar stjórn Bandalags íslenskra skáta til Skátapings 2024.

Þingið verður haldið dagana **5.-7. apríl á Sóleimum í Grímsnesi og á Úlfljótsvatni**. Þingið hefst með setningu kl. 19:00 föstudaginn 5. apríl á Sólheimum og Lýkur sunnudaginn 7. apríl kl. 13:00 á Úlfljótsvatni. Aðstaðan opnar kl. 18:00 og frá þeim tíma er hægt að fá þinggögn afhent. Vakin er athygli á að ekki verður boðið upp á kvöldmat á föstudegi af þinginu. Hægt verður að kaupa kvöldmat í kaffihúsinu á Sólheimum fyrir setningu þingsins á föstudag. Maturinn kostar 3.000 krónur og fer skráning fram í Sportabler viðburði.

Dagskrá þingsins er [skv. 21. grein laga BÍS](#) og er sérstök athygli vakin á því að [skv. 17. grein laga BÍS](#) er kosningaár.

Einnig er rétt að vekja athygli á greinum [18.-20. í lögum BÍS](#) sem fjalla um Skátaping. Starfandi skátar hafa rétt til að sitja Skátaping með málfrelsi og tillögurétt óháð aðildarleið. Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 13-25 ára.

Öll sem hyggjast taka þátt skulu [skv. 18. grein laga BÍS](#) skrá sig á skraning.skatar.is fyrir 29. mars klukkan 19:00. Félagsforingjar eða annað stjórnarfolk skátafélaganna skal [skila kjörbréfum rafrænt](#) fyrir setningu þar sem tilgreindir eru aðal- og varafulltrúar skátafélags á þinginu.

Þátttökugjald er 9.500 kr., innifalin eru þinggögn, léttar veitingar á föstudagskvöldi, morgunverður og hádegisverður á laugardegi og sunnudegi ásamt almennri dagskrá sem verður boðið upp á samhliða þinginu.

Skátafélag Sólheima er gestgjafi þingsins.

Hægt verður að bóka svefnpláss í herbergjum á Sólheimum og Úlfljótsvatni fyrir einstaklinga eða hópa. Verður það auglýst sérstaklega þegar lokatala á laus gistirými er komin. Þá verður sérstakur hátíðarkvöldverður á laugardegi þingsins. Öll skráning fyrir slíkt mun fara fram í Sportabler og verður eingöngu aðgengileg þeim sem eru þegar skráð á Skátaping.



Eftirfarandi embætti eru laus til kjörs á Skátapingi 2024:

Stjórn

Skátahöfðingi
Gjaldkeri
Fimm meðstjórnendur

Annað

Fimm sæti í uppstillingarnefnd
Þrjú félagslegir skoðunarmenn reikninga
Löggiltur endurskoðandi

Fastaráð

Fjögur sæti í alþjóðaráði
Fjögur sæti í starfsráði
Fimm sæti í stjórn Skátaskólans
Þrjú sæti í útilífsráði

Kjörin á Ungmennapingi 2024

Áheyrnarfulltrúi ungmenna í stjórn BÍS
Fimm sæti í ungmennaráði

Framboðstilkynningar og tillögur um fólk í þessi hlutverk óskast sendar hið fyrsta og eigi síðar en 15. mars kl. 12:00 á netfangið uppstillingarnefnd@skatarnir.is. Með fundarboði fylgir tilkynning frá Uppstillingarnefnd þar sem má finna nánari upplýsingar og lýsingu á hverju hlutverki fyrir sig.

Sérstök athygli er vakin á því að ekki er hægt að skila framboðum á þinginu sjálfu.

Uppstillingarnefnd skipa:

| | | |
|-----------------------------------|--------------------|--|
| Berglind Lilja Björnsdóttir, form | s. +45 50 18 13 25 | berglind@skatarnir.is |
| Hafdís Bára Kristmundsdóttir | s. 617-1591 | barahafdis@gmail.com |
| Jón Ingvar Bragason | s. 699-3642 | joningvarbragason@gmail.com |
| Reynir Tómas Reynisson | s. 698-6226 | reynirtomas@gmail.com |
| Sædís Ósk Helgadóttir | s. 661-6433 | saedis@skatarnir.is |

Mikilvægar dagsetningar fram að Skátapingi:

Rétt er að vekja athygli á eftirfarandi dagsetningum fram að þingi samkvæmt gildandi lögum BÍS.

8. mars kl. 19:00 – Fresti til að skila tillögum að lagabreytingum til stjórnar BÍS lýkur.

15. mars kl. 19:00 – Fresti til að skila beiðnum um upptöku mála á Skátapingi til stjórnar BÍS lýkur.

15. mars kl. 12:00 – Framboðsfrestur í stjórn og fastaráð BÍS rennur út.

22. mars kl. 19:00 – Fresti stjórnar BÍS til að senda félagsforingjum þinggögn og drög að dagskrá Skátapings lýkur.

29. mars kl. 19:00 – Fresti til að skila athugasemdum um útsend gögn til Skátamiðstöðvarinnar lýkur.

29. mars kl. 19:00 – Skráning á Skátaping lýkur.

5. apríl kl. 19:00 – Fresti skátafélaga til að skila gögnum og kjörbréfum til skrifstofu BÍS lýkur.

5. apríl kl. 19:00 – Skátaping er sett.



Upplýsingasíðu Skátapings má finna á skatarnir.is/skatathing en þar má finna allar upplýsingar um Skátaping í rauntíma, þangað verður gögnum hlaðið upp þegar þau berast og í síðasta lagi fyrir tilgreindan frest samkvæmt lögum. Öll þinggögn verða aðgengileg þar á rafrænu formi þegar Skátaping verður sett.

Reykjavík, 21. febrúar 2024
Fyrir hönd stjórnar BÍS



Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Skátahöfðingi

